

Nd.

349. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Sjaldan fer vel að setja nýja bót á gamalt fat, og svo má og segja um þetta frumvarp. Væri án alls efa rjettara að semja að nýju samfeldan búnaðarlagabálk. Þó gerir minni hlutinn það eigi að ágreiningsmáli og þykir mega una við að gera umbætur á ábúðarlögunum, ef þær eru nokkru nýtar. En af því að hann gerir þetta til samkomulags, þá vill hann eigi una hinu, að brott sje numið úr frumvarpinu það atriði, sem helst horfði til verulegra umbóta.

Önnur og þriðja grein frv. kunna heldur að miða til bóta en hitt. En þær umbætur eru svo lítils verðar, að þeirra vegna er eigi ómaksins vert að setja ný lög. Og þótt hótí meiri umbót sje að 6. og 7. greininni, þá hefði og það atriði vel mátt bíða gagngerðrar endurskoðunar á ábúðarlöggjöfinni. Mest lagaþörf er um það efni, sem 4. og 5. grein frumvarpsins eru um. En einmitt þær vill meiri hluti nefndarinnar fella úr. Þar er því ágreiningsefnið.

Í lögum um ábúð jarða o. fl. 12. jan. 1884 er miklu meiri ábyrgð og áhætta lögð á leiguliða en rjett er. Honum er í fyrsta lagi gert að skyldu, að ábyrgjast fyrning húsa, í öðru lagi er lögð á hann sú kvöð, að reisa hús af nýju í sameiningu við landsdrottinn, ef óhemjandi eðlisöfl granda þeim, svo sem vatn, eldur eða landskjálfti, og í þriðja lagi er honum gert að skyldu að kosta svo miklu til að bæta skemdir á jörð, sem nemur hálfu af landskuldinni, ef skemdir verða af eðlisöflum, sem honum var þó ómáttugt að afstýra. Hjer þarf að umbæta frá grunni. Því að leigjandi á eigi að rjettu að bera ábyrgð á annars manns eign eða skemdum á henni, þeim sem hann er eigi valdur að. Ef þar til er svarað, að honum sje jörðin leigð ódýrar sakir þessarar ábyrgðar, þá er hins að gæta, að miklu rjettara væri, að eigandi bæri þessa ábyrgð, en setti

þá hærri leigumála. Því að ábúandaskifti eru tíðari en eigandaskifti, og vel má svo fara, að einn ábúandi húsi jarðir margra manna og bæti skemdir á þeim, ef hann er óheppinn, en annar aldrei. Þetta jafnaðist, ef herra væri eftirgjaldið, en ábyrgðir hjá eiganda. En um jarðarhúsin er það að segja, að þar er eigi einungis um jöfnuð í fgegjöldum að ræða, heldur og um heilsu og líf þeirra, er búa á jörðinni. Ef eigandi jarðar á sjálfur að svara til fyrningar og reisa húsin af nýju, er þörf gerist, þá er meiri von að vistleg verði húsin, en ef leiguliði á að annast þetta. Sje nú svo sem nefndarmenn segja, að sumstaðar fylgi engi mannahíbýli jörð, þá er hætt við, að fátækur leiguliði reisi þar engar hallir, þótt hann ætli að búa þar eitt eða tvö ár. Því að alls óvíst er það, að sá næsti kaupi af honum. Mundi því víða verða óholl vistarhús, ef þessu færi lengi fram. En á það verður löggjafinn að líta, að mannslífið er dýrt í fámennu landi, enda sjest á þurrabúðarlögunum, að það hefir vakað fyrir mönnum 1888. Í þessu frv. er nú gert ráð fyrir, að menn fái að losna við kúgildin, og hverfa þá smámsaman peningshús úr tölu jarðarhúsa. En bæjarhús eiga að sjálfsögðu að fylgja hverri jörð, því að ella er hún óbyggileg.

Meiri hluti nefndarinnar segir, að tilhögun á byggingu sveitabæja sje á tilraunaskeiði. Þetta er eigi rjett, því að torfbæir eru margreynd hibýli og góð, ef þeir eru vel gerðir, og að segurð taka vel gerðir torfbæir fram bæði steinhúsum og einkum timburhúsum. Fjórðu gr. frv. mundi því fyllilega nægt með þeim, og mundi vel borgið heilsu manna. En hitt væri og eigi frágangssök fyrir jarðar-eiganda, að gera bæ með steinsteypuveggjum, ef hann vildi heldur. Því að hann stendur þeim mun lengur sem hann er dýrari. Hún segir enn að »mikið fje mundi fara forgörðum, ef eigendur jarða yrðu með lögum knúðir til að leggja fram fje til nýrra bæjarbygginga«. Hjer til er því fyrst að svara, að frv. fer alls eigi fram á, að allir bæir sje þegar gerðir af nýju, heldur einungis þar, sem engir eru, eða kolfallnir, og þar næst hinu, að fari nokkurt fje forgörðum, þá er eigi mætara að það sje leiguliðafje en landsdrotna fje.

Frumvarpsgreinarnar ætlast og eigi til, að jarðeigandi hafi neinn skaða, því að þær gera ráð fyrir, að hann hækki landskuld um vexti bæjarverðsins og fyrningu hans. Leiguliða er það og betra að vita, að hverju hann gengur, en að eiga yfir höfði sjer að húsa nýjan bæ á annars manns jörð, ef vatn eða eldur grandar hinum eldra.

Minni hlutinn leggur því til að efni 4. og 5. gr. haldist, og verði svo sem segir í breytingartill. hans, en telur lögin án þeirra engu nýt.

Alþingi, 10. ágúst 1913.

Bjarni Jónsson,
frá Vogu.